

Skattfrjáls greiðsla viðbótarlífeyrissparnaðar inn á lán

Fræðslufundur Landssamtaka lífeyrissjóða
03.02.2015

Snædís Ögn Flosadóttir
Eignastýring fagfjárfesta, Arion banka





- Framkvæmd greiðslu séreignar inn á lán
- Helstu spurningar frá sjóðfélögum
- Staðan í dag, helstu úrlausnarefni

Framkvæmd greiðslu séreignar inn á lán




- Greiðslur hófust í lok nóvember
 - Vörsluaðilar hófu að greiða inn á lán
 - Lánastofnanir opnuðu fyrir greiðslur inn á lán
- Lánastofnanir opnuðu ekki allar fyrir greiðslur á sama tíma
 - Síðasta lánastofnun opnaði fyrir greiðslur aðra vikuna í janúar
- Greiðslur hafa almennt gengið vel

Yfirlitsmynd framkvæmdar - upprifjun



Umsækjandi



Umsókn

- Staðfestir lán sjóðfélaga og sendir upplýsingar um greiðsluglugga

- Tekur á móti umsókn og staðfestir upplýsingar umsækjanda
- Móttækur upplýsingar um greiðsluglugga

- Staðfesta að sjóðfélagi sé virkur sjóðfélagi

Flæði upplýsinga

- Tekur á móti og heldur utan um upplýsingar frá RSK vegna lánanúmera sem sjóðfélagi valdi að greiða inn á

Sendir upplýsingar úr umsókn:

- **Lífeyrissj:** Lánastofnun, greiðslugluggi
- **Lánastofnun:** Lán sem kt. vill greiða inn á

- Taka á móti upplýsingum úr umsókn: Lánastofnun sem greiða á til og greiðslugluggi per sjóðfélaga
- Dagsetning umsóknar

Greiðsla inn á lán

- Tekur á móti greiðslum inn á söfnunarreikning og parar greiðslur inn á rétt lán í samræmi við einkvæm seðilnúmer
- Framkvæmir bakfærslur

- Svarar fyrirspurnum vörsluaðila um greiðsluupphæð
- **Lífeyrissjóðir:** einkvæmt seðilnúmer
- **Lánastofnun:** einkvæmt seðilnúmer

- Kallar eftir staðfestingu frá RSK á greiðsluupphæð
- Greiða inn á söfnunarreikning lánastofnana
- Móttaka bakfærslur

Að lokinni greiðslu

- Sendir upplýsingar um greiðslu inn á lán til RSK
- Uppfærir stöðu eftirstöðva lánsins

- Tekur á móti upplýsingum um greiðslur inn á lán per sjóðfélaga og uppfærir gagnagrunn sinn um nýtingu skattleysishámarka

Framkvæmd greiðslu séreignar inn á lán



- Til að hægt sé að greiða viðbótarlífeyrissparnað inn á lán þarf tvennt að koma til:
 - **Vörsluaðili** þarf að staðfesta að sótt hafi verið um í réttum sjóði
 - **Lánastofnun** þarf að staðfesta að lánið sé til staðar og það sé í eigu sjóðfélaga eða maka
- Hafni annar hvor aðilinn umsókninni verður sá hluti óvirkur og sjóðfélagi fær tölvupóst frá RSK þar sem honum er bent á að fara inn í umsókn sína aftur og velja nýjan sjóð/nýtt lán
- RSK gætir þess að umsókn gildi frá þeim tíma er hún var upprunalega skráð

Framkvæmd greiðslu séreignar inn á lán



- RSK gengur úr skugga um að lán sem voru ekki í skattframtali 2013 (þ.e eru handskráð inn á umsókn) séu lán sem mega fara í reit 5.2
- Allir þeir sem handskrá lán á umsókn sína fá eftirfarandi skilaboð frá RSK:

Skilaboð

22.11.2014 00:10:41 - [Redacted]

Ný ráðstöfun hefur verið skráð á lán sem handskráð var af umsækjanda. Staðfesta þarf að lánið uppfylli skilyrði laga um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána.

- Þetta þýðir að viðskiptavinurinn þarf að fara inn í umsókn sína á <http://leidretting.is> og þar undir samskipti gefst honum kostur á að senda inn svar við fyrirspurninni ásamt viðhengjum
 - Kaupsamning ef lánið var tekið í tengslum við kaup á íbúð á árinu 2014
 - Upplýsingar um íbúðalán sem greitt var upp með nýja láninu árið 2014 (endurfjármögnun)
- Að lokinni yfirferð sendir RSK upplýsingar um samþykkt lán til lánastofnunar

Helstu spurningar frá sjóðfélögum



Af hverju er ekki komin greiðsla inn á lánið mitt ?

- Hafa borist iðgjöld í séreignina ?
- Er lánið með gjalddaga sjaldnar en mánaðarlega ?
 - Greiðslugluggi lána ræðst af gjalddaga þess, lán sem eru með gjalddaga sjaldnar en mánaðarlega eru með samsvarandi greiðsluglugga
 - Til að greiðslu sé ráðstafað inn á höfuðstól láns þarf greiðslan að berast innan greiðsluglugga

Helstu spurningar frá sjóðfélögum



- Af hverju er ekki komin greiðsla inn á lánið mitt ?
- Hefur sjóðfélagi fengið einhver skilaboð frá RSK ?
 - Þá getur hann átt eftir að skrá inn nýtt lán/nýjan sjóð á umsókn sína eða senda RSK staðfestingar á láninu sem hann skráði
- Var lánið sem sótt var um að greiða inn á tekið á árinu 2014 ? (þ.e það var ekki í skattframtali vegna ársins 2013)
 - Sjóðfélagi hefði átt að fá tilkynningu frá RSK þar um og í kjölfarið þarf hann að senda staðfestingar til RSK.
 - Hafi hann þegar gert þetta en ekkert er komið inn á lánið má benda honum á að skoða samskipti í umsókn sinni og kanna hvort RSK hefur unnið úr gögnum sem hann sendi inn og hvort óskað hafi verið eftir frekari gögnum

Helstu spurningar frá sjóðfélögum



Úthlutunarreglur

- Samsköttun:
 - Sameiginlegur réttur upp á 750.000 kr á ári, 375.000 á hálfu ári
 - Skiptist í rétt vegna greiðslu frá launagreiðanda ($1/3 = 250.000$ v. 1 árs, 125.000 v. $1/2$ árs) og greiðslu frá launþega ($2/3 = 500.000$ v. 1 árs, 250.000 v. $1/2$ árs)
- RSK móttækur og samþykkir/hafnar/lækkar beiðnir jafn óðum og þær berast þar til hjón hafa í sameiningu náð upp í þakið
- Horft er á sitt hvorn réttinn (launagreiðanda/launþega) sem sameiginlegan sem þýðir að *Gunna* gæti t.d fyllt upp í rétt vegna launagreiðanda strax í fyrstu greiðslu (125.000 frá launþega og 125.000 frá launagreiðanda = 250.000) Þegar svo næsta greiðsla berst frá *Jóni* þá fær hann eingöngu að greiða eigið framlag inn á lán.
- Ef framlag launagreiðanda er hærra en framlag launþega er það lækkað til jafns á við framlag launþega (dæmi: starfsmenn sem eru í SSF og fá því aukið mótframlag, á einnig við um fleiri stéttir)



Úthlutunarreglur

- **Einstaklingar:**
 - Réttur upp á 500.000 kr á ári, 250.000 á hálfu ári
 - Skiptist í rétt vegna greiðslu frá launagreiðanda ($1/3 = 166.667$ v. 1 árs, 83.333 v. $1/2$ árs) og greiðslu frá launþega ($2/3 = 333.333$ v. 1 árs, 166.666 v. $1/2$ árs)
- Fyllt er upp í hvorn rétt fyrir sig (launagreiðanda / launþega)
- Ef framlag launagreiðanda er hærra en framlag launþega er það lækkað til jafns á við framlag launþega (dæmi: starfsmenn sem eru í SSF og fá því aukið mótframlag, á einnig við um fleiri stéttir)

Helstu spurningar frá sjóðfélögum



Sjóðfélagi getur hvenær sem er gert breytingar á umsókn sinni:

- Skráð nýjan vörsluaðila á umsókn
 - Nýr vörsluaðili tekur gildi í þeim mánuði sem hann er skráður inn
 - Iðgjöld fram að þeim tíma má fyrri vörsluaðili greiða inn á lán
- Skráð nýtt lán á umsókn
 - Hér er um breytta ráðstöfun að ræða
 - Hún gildir um öll iðgjöld sem vörsluaðili á eftir að greiða
- Lækkað/hækkað ráðstöfunarhámark
 - RSK heldur utan um ráðstöfunarhámark og svarar beiðnum vörsluaðila um greiðslur inn á lán
- Sjóðfélaga ber að tilkynna um breytt hjúskaparform og heldur RSK utan um breytingar á skattleysishámarki í þeim tilfellum

Helstu spurningar frá sjóðfélögum



- Umsóknir sambúðaraðila og þeirra er uppfylla skilyrði um samsköttun
 - Eitthvað hefur verið um það að hjón/samskattaðir hafi talið að ein umsókn gildi fyrir báða aðila. Þ.e nægjanlegt væri að einungis annar aðilinn myndi sækja um
 - Svo er ekki, ætli báðir aðilar inann hjónabands að nýta sér úrræðið þurfa báðir að sækja um
 - Bendum sjóðfélögum sem þannig er ástatt um á að skrá inn umsókn og senda í kjölfarið beiðni með útskýringu á adstod@leidretting.is og óska eftir því að umsókn gildi frá sama tíma og fyrri aðili skilaði inn umsókn



- **Lán í greiðsluskjóli eða greiðsluaðlögun**
 - Skiptar skoðanir um það hvort greiða megi inn á þessi lán
 - Lög 40/2014 taka ekki á þessu atriði
 - Lög umboðsmanns skuldara eru sérlög og ganga því framur lögum 40/2014 sem eru bráðabirgðarákvæði í almennum lögum
 - Lán í greiðsluskjóli eru almennt lokuð fyrir innaborganir til að koma í veg fyrir mismunun kröfuhafa
 - Um er að ræða séreignarsparnað sem er óaðfararhæfur og því má færa rök fyrir því að ekki sé um mismunun kröfuhafa að ræða
- Ráðuneytið fundar um málið í dag og er ætlunin að senda út tilkynningu í vikunni um niðurstöðuna



- **Lán í vanskilum**

- Þegar greitt er inn á lán í vanskilum er greiðslan meðhöndluð samkvæmt þeirri greiðsluröð sem skilmálar lánsins kveða á um, þ.e fyrst er greitt inn á lögfræðikostnað, vanskil og vexti o.sfr.v 40/2014
- Í dag birtast lán í vanskilum með greiðsluglugga „í gær“
 - Lífeyrissjóðir eiga ekki að hafa upplýsingar um vanskil sinna sjóðfélaga hjá lánastofnunum
 - Einhverjar lánastofnanir eru einnig að birta lán með greiðsluglugga „í gær“ þar til greiðslugluggi opnar
- Unnið er að lausn á þessu sem sýnir greiðsluglugga vanskilalána líkt og um engin vanskil væri að ræða



- **Lán með gjalddaga sjaldnar en á þriggja mánaða fresti**
 - Vörsluaðilum ber að greiða á þeim tíma sem greiðsla séreignar getur farið inn á höfuðstól láns
 - Vörsluaðilum ber að greiða að lágmarki á þriggja mánaða fresti
- Markmið laga 40/2014 er að lækka höfuðstól íbúðalána
- Unnið er að lagabreytingu sem tekur á því að ef lán er með gjalddaga sjaldnar en 4x á ári eigi þriggja mánaða reglan ekki við



Greiðslur framhjá greiðsluglugga - Þvingaðar greiðslur

- Þegar þvingaðar greiðslur eru framkvæmdar mun greiðslan í flestum tilfellum ekki ná að fullu inn á höfuðstól lánsins
- Þvingaðar greiðslur á þriggja mánaða fresti væru að taka á þeim lánum sem ekki hefur þegar verið greitt inn á
 - Vanskilalán
 - Lán með gjalddaga sjaldnar en 4x á ári
- Með þeim breytingum sem verið er að vinna ættu þvingaðar greiðslur því að verða óþarfar

Staðan í dag – helstu úrlausnarefni



- Sérstök launamiðaskil
 - RSK mun ekki óska eftir sérstökum launamiðaskilum
 - Gæta þarf þess að upplýsingar um greiðslur séreignar inn á lán skráist ekki inn á hefðbundna launamiða
 - Allar upplýsingar um raungreiðslur inn á lán uppfærast daglega hjá RSK sem mun færa þær inn á skattskýrslur



Takk kærlega fyrir mig

Allar ábendingar vel þegnar:
snaedis.flosadottir@arionbanki.is